



Spöngin 9 (fsp) breyting á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Reita verslunar, dags. 4. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar vegna lóðarinnar nr. 9 við Spöngina sem felst í að reisa létt úpphitað skýli yfir vörumóttöku við vesturhlið hússins, samkvæmt uppdr. THG arkitekta dags. 22. júní 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags, 2007.



Spöngin, skjáskot af ja.is. 2020.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er Spöngin 9-41 á skilgreindu miðsvæði, nánar tiltekið M11.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt í borgarráði þann 25. mars 1997, ásamt síðari breytingum.


Um deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið „Spöngin“ byggðist upp að mestu um síðustu aldamót. Byggðarmynstur reitsins einkennist af einnar og tveggja hæða byggingum sem eru og eru umluktar bílastæðum. Stærstur hluti lóðarinnar er malbikaður flötur afmarkaður með grænum gróðurbeðum. Aðalaðkoma að svæðinu er frá Borgarvegi, en það tengist einnig innra gatnakerfi, Víkur- og Borgarhverfa um Móaveg og Mosaveg. Þjónustumiðstöðin byggðist upp í nokkrum áföngum og var svæðinu skipt upp í nokkrar einingar (A-H), sem spanna hver fyrir sig ákveðna þjónustuhætti. Hverri skipulagseiningu var ætlað að geta staðið sjálfstætt.

Spöngin 9 tilheyrir einingu „B“ og er miðhluti svæðisins. Reiturinn er um 17. þúsund fm að stærð. Á reitnum er að mestu verslunarstarfsemi og önnur skyld þjónusta. Bílastæði þekja stóran hluta miðbik svæðisins.

Fyrirspurn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til að reisa hálfopið skýli yfir vörumóttöku á vesturhlið verslunar Bónus. Sorpgámur færir að suðurhlið en vörumóttaka verður eftir sem áður við norðurhlið. Á annatímum safnast mikið magn af brettum og umbúðum sem fylgir starfseminni. Íbúar hafa kvartað yfir óhrjállegri sýninni. Skýlið mun því bæta götummyndina til muna og stuðla að snyrtilegra umhverfi.



Ásýnd í dag og tillaga að yfirbyggingu. (THG arkitektar)

Umsögn/ Niðurstaða

Ekki mun verða lagst gegn því að lóðarhafi láti breyta deiliskipulagi á eigin kostnað.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.